

Nornanið

Hörmungar flóttamanna á grísku eyjunni, Lesbos, eru nú í brennidepli og afhjúpa einu sinni enn vandræðagang Evrópuþjóða í flóttamannamálum. En þau eiga fyrst og fremst rót að rekja til hagsmunabaráttu stórvelda og annarra vopnasala í heimkynnum þeirra. Samtök kvenfrelsara, með SP í broddi fylkingar (UN Women), virðast þó hafa mestar áhyggjur af kynferðislegu ofbeldi í garð kvenna og barna. Það gagntekur huga fólks. Nú verður heimssagan nærgöngul.

Það vill nefnilega svo sérkennilega til, á eyju þessari fæddist hið lofaða, forngríska skáld, Shappo (630-570). Shappo var umvafin námsmeyjum og hneigðist til kvennaásta. Orðið, „lesbía,“ er myndað af nafni eyjarinnar. Í kvæði lýsir hún ógnarafl kynhvartarinnar, sem stjórn málin snúast um öðrum þræði um þessar mundir. Það er svona:

Þegar ég ber þig augum,
jafnvel þótt eitt andartak sé,
vefst mér tunga um tönn.
Það logar, það brímar,
ég er slegin blindu.
Það suðar fyrir eyrum mér,
svitaperlur merla,
ég nötra öll og skelf [...].
Svo virðist sem ég sé stirðnuð, dauðvona.

Það veldur varla furðu, að ógnarafl kynhvartarinnar flæki samskipti fólks, kynjanna. Enda er henni óspart beitt í ýmis konar valdabaráttu, meira að segja forsetakosningum nútímans. En það á sér einnig eldfornt fordæmi. Í gleðileiki Aristofanesar (446-386), Lýsiströðu, gerðu eiginkonur hermanna uppreisn til að knýja fram frið í vondu stríði. Svo þreyttar voru þær á einsemd og ófullnægðri frygð. Þær hertóku meira að segja Akrópólís um tíma til að leggja áherslu á kröfur sínar. Þá fjölluðu gleðileikir yfirleitt um samfélagmál. En ofuráherslan á kynlíf í stjórnmalapjarki samtímans er aftur á móti gersamlega gleðisnauð, harmsöguleg.

Árið 2017 velti lítil þúfa þungu hlassi. Leikarinn, Alyssa Jayne Milano (f. 1972), kunn m.a. úr draumórapáttaröðum og herferðum fyrir grænmetisneyslu, fann athyglissýki sinni nýjan farveg; frelsun kvenna. Hún hvatti konur til að koma á framfæri reynslu sinni af kynferðislegri misnotkun. Það gerði líka Heiða Björg Hilmisdóttir á fundi Samfylkingarinnar. Allar konur viðstaddar höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hendi karla. Áreittum konum fjölgaði nú gríðarlega um allan hinn vestræna heim. Fréttastofa RÚV boðaði landsins börnum, að bylting ætti sér stað. Alyssa varð ofurfræg og ætlar sér nú frama í stjórnmalum alveg eins og Heiða Björg. Það varð meira að segja kynferðisleg áreitni að líta konu girndarauga, að lokka hana inn í „sjónmálið“ eða barasta að bjóða henni glaðlega góðan dag.

En nú er kominn maður í mysuna. Það er nefnilega ekki sama, hver á í hlut. Árið 2017 var Alyssa frumkvöðull „ég-líka“ fársins sællar minningar. Þá kynnti hún eftirfarandi slagorð um kynferðislega misnotkun: „Enga miskunn“ (no tolerance). Þegar Alyssa mótmælti útnefningu Brett Kavanaugh til hæstaréttardómara í BNA, fór hún lofsamlegum orðum um

sálfræðiþrófessorinn, Christne Blasley Ford (f. 1966), sem skýrði frá meintri nauðgun af hans hálfu tæpum fjórum áratugum fyrr. Á skilti Alyssu gaf að lesa; „trúum aflifendum (survivors).“

En nú er sem sé komið annað hljóð í strokkinn. Joseph Robinette (Joe) Biden, sem eins og margir fleiri, hefur verið ákærður fyrir kynferðislega áreitni í garð kvenna, skal nú fá réttláta málsmeðferð (due process). „Það er trú mín og margra annarra ... að rannsaka þurfi sakargiftir, svo sakborningur fá réttláta málsmeðferð,“ segir hún nú. Því hefur ekki verið að heilsa áður. Þá skyldi trú konum fortakslaust.

Fleirum er ofboðið, t.d. meðleikanda Alyssu í draumóraþáttunum, „Heillaðar“ (Charmed), Rose Arianne McGowan . „Spegill, spegill, herm þú mér, hver fegurst er í landi hér,“ segir í ævagömlu ævintýri. Ævintýrið er nú gengið í endurnýjun lífdaganna. Stöllurnar (og margar fleiri) berjast um athyglina, hver þeirra sé dásamlegust í landinu. Rósa (skírnarnafn Rose) segir við Alyssu: „Þú ert svikari ... þú ert lygi ... skammastu þín.“ Framapot og athyglipörf virðist ráða miklu um, hvort ákærur um kynferðislega ósiðsemi séu fram settar og hver verður fyrir þeim. Til að mynda börðust kvenfrelsarar með frú Hillary Rodham Clinton í broddi fylkingar, gegn þeim Paula Rosalee Jones, Monica Lewinsky og Juanita Broaddrick, sem allar stigu fram og lýstu kynferðislegum sakargiftum á hendur forseta sínum, Willam Jefferson (Bill) Clinton. Sú síðastnefnda heldur því fram, að forsetinn hafi nauðgað sér árið 1978.

Rúsínan í enda þessarar bragðvöndu pylsu er, að bæði Jones og Broaddrick, fyrrum fórnarlömb Bill Clinton (lýðræðissinni – demókrati) lýsa yfir stuðningi við núverandi forseta, Donald John Trump (lýðveldissinni – repúblikani), en hátt á þriðja tug kvenna hafa álasað þeim dóna um kynferðislega áreitni.

Það er líka tímann tákni, að Bill Clinton var annar forseti BNA, sem dreginn var fyrir ríkisrétt (impeachment). Sá fyrri var Andrew Johnson (1808-1875). Andrew var sakaður um að hygla vini sínum, Bill um að áreita konu(r) kynferðislega og að reyna að hylja slóð sína.

(Frjáls þýðing AS á ljóði 31 eftir endurgerðum brotum í enskri þýðingu.)

<https://spectator.us/witch-fight-naked-hypocrisy-alyssa-milano/>